



Faghópur 3

Fundargerð 5. fundar

RHA, Akureyri, 24. apríl 2009, kl. 9:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn

- Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
- Hagvöxtur landshluta 2000-2006.** Guðmundur Guðmundsson dreifði smáritinu *Hagvöxtur landshluta 2000-2006* sem Bygðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnu í sameiningu og gefið var út í desember 2008. (Afrít fylgir fundargerð á vinnusvæði heimasíðu rammaáætlunar.) Í umræðum um smáritið kom m.a. fram:
 - Tölur á baksíðu (Viðaukar 1 og 2) eru unnar upp úr launagreiðslum skv. skattskýrslum fyrirtækja og sýnir atvinnutekjur (laun, afskriftir, vaxtagreiðslur og hagnað): vergar þáttatekjur m.v. árið 2000. Í umræðum um kosti og galla slíks yfirlits kom fram hversu staðan er misjöfn milli landshluta og einnig komi ljóslega fram hversu landshluthagkerfin eru smá í sniðum. Í sumum landshlutum standa og falla hagkerfin með einstökum fyrirtækjum (t.d. Norðurland-vestra og Vestfirðir).
 - Samstaða var um að nota mætti yfirlitið sem grunn og mjög gagnlegt væri að bæta við árinu 2007 þegar umsvif voru veruleg. Guðmundur gat þess að Bygðastofnun myndi hraða því að uppfæra efnið að árinu 2007 meðtöldu.
 - Með yfirlitinu má setja virkjunarframkvæmdir í samhengi við hagræna stöðu viðkomandi landshluta. Mikilvægt væri að fá yfirlit yfir hagkvæmni virkjunarkosta sem fyrst. Líta ber til að í all flestum tilfellum fellur verulegur hluti aukinna tekna til á höfuðborgarsvæðinu (eða erlendis) vegna vinnu við hönnun, útreikninga, matsvinnu, eftirlit og margskonar sérfræðiþjónustu. Um er að ræða flest verðmætustu störf (u.þ.b. 15-20%). Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins ber höfuð og herðar yfir önnur hagkerfi landsins og er mjög í takt við hagvaxtaráætlanir yfirvalda fyrir landið í heild. Í framhaldi af því var því varpað fram að hagvaxtaráætlanir yfirvalda fyrir landið í heild gefi ekki endilega rétta mynd af þróuninni í einstökum landshlutum.
- Listi yfir matsþætti.** Í tengslum við hagvaxtaryfirlitið var rætt áfram um listann yfir matsþætti. Þegar litið verður til áhrifa einstakra virkjunarkosta er eðlilegt að líta fremur til landshluta fremur en nærsveita virkunar, t.d. með tilliti til virkjana innst í Skagafirði verður litið til Norð-vesturlands fremur en aðeins til Skagafjarðar. Rætt var um „tog-áhrif“ á vinnuafli á framkvæmdatíma og velt vöngum yfir því hvernig meta mæti slík áhrif; hugsanlega: fjarlægð x íbúafjöldi (?). Alltaf yrði þó að líta til áhrifa á höfuðborgarsvæðinu. Daði mun leggja

Comment [h1]: Kjartan og ég bentum á að landshlutaskiptingin væri ekki alltaf sú rétta, við erum með ákveðin „functional regions“ þar sem áhrifin spyrja ekki um gömul eða ný stjórnsýsluumdæmi eða þaðan af síður kjördæmaskiptingu. Hins vegar kann framsetning niðurstaðna á þessi „viðurkenndu“ svæði að vera minna umdeild en að ganga þvert á þau, t.d. þar sem áhrif virkunar í Skagafirði verða á Akureyri. Gravity model myndi sýna slík tengsl.

fram líkan er lýst getur slíkum áhrifum - viktar-líkan (þyngdarafli-líkan; e. *gravity model*) og Hjalti mun senda honum fóður úr rannsóknum er tengjast áhrifum virkjunar- og álversframkvæmdum á Austurlandi.

Þá var velt vöngum yfir áhrifum yfirstandandi samdráttarskeiðs. Talið var að almennt yrði litið svo á að meiru væri til fórnandi í umhverfismálum til atvinnuuppbyggingar og aukin áhersla yrði á notkun orku í heimabyggðum.

Ítrekuð voru áform um að hefja matsferlið á tveimur virkjunarkostum: í Skagafirði og á neðsta svæði Þjórsár.

- a. Skatastaðavirkjun/Villinganesvirkjun: Sterkar væntingar og líkleg nýting í héraði. Væntanlega verða tog-áhrif meiri á Akureyri en t.d. Blönduósi þótt svæðin liggi formlega í sitthvorum landshlutanum. Uppbygging samgangna mun greiða leið inn á hálendið.
- b. Neðstu virkjanir Þjórsár: Mjög miklar væntingar og sterkar raddir um nýtingu orku í héraði þrátt fyrir takmarkaða möguleika, t.d. vegna hafnleysis. Samgönguáhrif verða nokkur, t.d. ný brú yfir Þjórsá.

4. **Heimsókn á Mývatn, í Laxárvirkjun og á Húsavík 7. maí.** Ferðaáætlun staðfest og starfsmanni falið að ganga frá skipulagningu. Mæting í Bakaríinu við Brúna á Akureyri kl. 8.30.
5. **Næsti fundur** verður haldinn á Akureyri 8. maí, kl. 9:00. Fundi sem fyrirhugað var að halda á Akureyri þann 22. maí verður flýtt til 18. maí (kl. 9:00).